

Hverfisnefnd Naustahverfis

63. fundur, 22. okt. 2014

Aðalfundur hverfisnefndar

Fundur haldinn í Naustaskóla, kl. 20:00 – 21:25

Mættir: Anna Sjöfn Jónasdóttir, Gunnar Valur Eyþórsson, Ómar Ívarsson, Bjarni Sigurðsson, Þóroddur Eiríksson og Gísli Rúnar Magnússon

Fundarstjóri: Hrafnhildur E. Karlsdóttir

Gestir á fundinum: Guðríður Friðriksdóttir, framkvæmdastjóri Fasteigna Akureyrarbæjar, Dagur Fannar Dagsson, formaður stjórnar Fasteigna Akureyrarbæjar og Ágúst Jakobsson, skólastjóri Naustaskóla.

Aðrir gestir voru 12 talsins.

Fundargerð ritaði Gísli Rúnar Magnússon

1. Skýrsla stjórnar

Anna Sjöfn fór yfir skýrslu stjórnar síðasta árið.

2. Kosning stjórnar

Ómar Ívarsson, Bjarni Sigurðsson og Claudia Lobindzus láta af störfum að þessu sinni. Eftir sitja Gunnar Valur Eyþórsson, Þóroddur Eiríksson, Anna Sjöfn Jónasdóttir og Gísli Rúnar Magnússon. Nýjir nefndarmenn voru kosnir, en það eru þau Maron Pétursson (maronpetursson@gmail.com), Greta Huld Mellado (gretahm@gmail.com) og Anna Steinunn Þengilsdóttir (annasteinunn@akmennt.is). Þá hafði Kristín Sigurðardóttir (stinasig@akmennt.is) gefið kost á sér fyrir fundinn, þó hún ætti ekki heimangengt og fær hún að sjálfsgöðu að vera með. Stjórnin verður því mönnum 8 fulltrúum fyrst um sinn, en mögulega mun þó fækka um einn mjög fljótlega.

3. Skoðunarferð um ókláruð rými skólans

Ágúst skólastjóri fór með gesti í skoðunarferð um ókláruð rými skólans, þ.e. starfsmannaálmuna og íþróttahúsið.

4. Erindi gesta

Fulltrúar frá Fasteignum Akureyrarbæjar (FA), Guðríður og Dagur Fannar, sögðu frá framkvæmdum á vegum Fasteigna Akureyrarbæjar í hverfinu á næstu árum.

Verið er að fara yfir fjárhagsáætlun árána 2014 – 2017/18.

FA gera ráð fyrir fjármagni í starfsmannaálmuna, íþróttahúsið og lóðina á árunum 2015 og 2016. Þó ekki búið að ákveða í hvaða röð. Kostnaður við íþróttahúsið og því sem því tilheyrir er meiri en kostnaður við starfsmannaálmuna og lóð til samans. Dagur fullyrðir að öllum þessum liðum verði lokið í ágúst 2016.

Rætt um þetta fram og til baka. Ekki nein óskaröð framkvæmda að hálfu skólans. Ágúst hallast þó að því að betra væri að byrja á stjórnendaálmunni, því þá losnar um rými sem nú eru notuð af starfsmönnum, m.a. undir kaffistofu, fundarherbergi og slíkt.

Ekki er búið að fastsetja neitt um næsta leikskóla í hverfinu.

5. Önnur mál

- Fyrirspurn um bekki í hverfið. Tillaga um að eyða einhverju af afmælispeningunum í bekki.
- Hlykkurinn á Kjarnagötu, við Bónus. Ekki hægt að fara í þá breytingu fyrr en búið að taka grunnana við Jaðarstún, vegna þess að það er svo mikið dýpi á þessu svæði, að ef farið er í Kjarnagötu á undan grunnunum, þá er hætt á að vegurinn sígi þegar grunnarnir eru teknir.
- Hverfisvöllurinn við Ljómatún. Framkvæmdum miðar hægt. Að sögn Dags er það vegna þess að ekki fást verktakar til að vinna verkið. Það á ekki eingöngu við þetta verk, heldur fleiri verk í bænum líka.
- Bílastæði við Naustatjörn. Sýnd var tillaga að bílastæði við austurenda Naustatjarnar. Guðríður segir að það sé langt í að þessi stæði verði gerð. Það eigi eftir að deiliskipulagsbreyta og þess háttar.
- Lýsing bak við stóru búsetablokkina (Kjarnagötu 12-14). Við leiksvæðið bak við blokkina er göngustígur þar sem engin lýsing er. Fundargestir óska eftir einhverri lýsingu þar.
- Lýsing á göngustíg frá Ljómatúni yfir á Kjarnagötu. Um er að ræða göngustíg yfir hólinn sem þarna er og kemur út á Kjarnagötu á milli Heiðartúns og Hjallatúns. Það er engin lýsing á þessum kafla, en það er lýsing frá Ljómatúni upp í Naustaborgir. Það þyrfti að bæta úr því og lýsa líka þennan hluta stígsins.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið kl. 21:25.